

Fljótsdalshérað
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

27. júní 2017
UST201705-062/P.B.S.
10.04.02

**Efni: Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs - Ketilsstaðir –
Gistipjónusta - Umsögn**

Lýsing framkvæmdar

Landeigendur á Ketilsstöðum hafa áhuga á að koma upp gistaðstöðu fyrir ferðamenn á landspildu sem liggur um 5,5 km sunnan við Egilsstaði. Tillaga að breyttu aðalskipulagi felst í því að breyta landnotkun svæðisins úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði. Landspildan er í dag á svæði sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem landbúnaðarland og er að mestu ræktuð tún. Samkvæmt tillögu verða reistar tvær einnar hæðar byggingar með 18 gistirýmum hvor ásamt tengdri þjónustustarfsemi og veitingarekstri, stakstætt íbúðarhús á einni til tveimur hæðum ásamt stakstæðum bústöðum á einni hæð til útleigu.


Áhrifamat

Engin verndarákvæði eiga við um svæðið, hvorki vegna náttúru- né menningarminja.

Umsögn

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu.

Umhverfisstofnun bendir á skipulagsreglugerð 4.15.2 þar sem segir að gæta skuli þess að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.



Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
Teymistjóri